

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð, nr. 154 24. maí 1968  
um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.**

**1. gr.**

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll íslenzk skip, sem búin eru talstöð, önnur en varðskip, tilkynni:

- a) Brottför sína úr höfn.
- b) Stað sinn, a. m. k. einu sinni á sólarhring, fiskiskip kl. 13—15 og farskip eftir aðstæðum.
- c) Komu sína í höfn.

**2. gr.**

2. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Texti tilkynningarinnar skal vera svo sem hér segir:

Við brottför:

Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, brottfararstað og tíma.

Á sjó (kl. 13—15):

Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, reitnúmer, stefnu og tíma.

Við komu í höfn:

Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, komustað og tíma.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum frá 28. apríl 1969, um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 10. júní 1969.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 195.

16. júní 1969.

**AUGLÝSING**

**um að lög nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til  
Stokkseyrarhrepps í Árnassýslu.**

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Stokkseyrarhrepps í Árnassýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1969.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*